

**Ed.**

**70. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsmaður: Magnús Kristjánsson.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í framangreindum samþyktum skal ákveða, að veita megi kaupmönnum, sem eingöngu versla með tóbaksvörur eða sælgæti, undanþágu, að því er snertir lokunartíma sölubúða slíkra sjerverslana, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður fyrir eitt ár í senn og rennur í bæjarsjóð hlutaðeigandi kaupstaðar.

Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

2. Verði framangreind tillaga samþykt, falli úr 1. gr. frumvarpsins orðin:

»laga nr. 79 — kaupstöðum«.